

Svar

innanríkisráðherra við fyrirspurn Sigmundar Ernís Rúnarssonar
um GSM-samband á landinu.

1. *Hversu víða á landinu er lélegt eða ekkert GSM-samband?*

Á um 85% af landinu er gott GSM-samband en á um 15% af landinu er lélegt eða ekkert GSM-samband. Strandirnar á Vestfjörðum og einstaka staðir á hálendi eru þeir staðir sem ekkert eða lélegt samband er á.

2. *Hvað er áætlað að margir sveitabæir á landinu séu án GSM-sambands?*

Á 93,4% af 5.039 bæjum er gott GSM-samband innan húss. Á 5,3% bæja er tæpt GSM-samband innan húss. Á 1,3% bæja er ekkert GSM-samband innan húss, eða samtals á 64 bæjum. Á sumum þeirra síðastnefndu er hægt að ná einhverju GSM-sambandi utan húss í námunda við bæinn.

3. *Hvað er áætlað að langur kafli á þjóðvegi 1 sé án GSM-sambands?*

Á 99,27% af þjóðvegi 1 er gott GSM-samband inni í bíl. Á 0,69% af þjóðvegi 1 er tæpt GSM-samband inni í bíl. Á 0,04% af þjóðvegi 1 næst ekkert samband inni í bíl, eða á um 500 m kafla samtals.

4. *Hvar á landinu eru stærstu svæðin nálægt byggð án GSM-sambands?*

Að mestu leyti er um að ræða afskekkt svæði á landinu. Lélegt eða ekkert samband er á 11,8% af öllu landi lægra en 400 m yfir sjávarmáli, þ.m.t. eyðisandar, afskekktir dalir og hásléttur.